



Forsætisnefnd

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ókeypis bílastæði fyrir borgarfulltrúa og starfsfólk Ráðhúss.

Á fundi forsætisnefndar 25. júní sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

"Lagt er til að kjörnir fulltrúar og starfsmenn Ráðhússins fái frí bílastæði hér í borginni, með bílastæðakorti sem dæmi eða öðru kerfi. Það eru einhverjir sem bæði vilja og þurfa að nota einkabílinn sinn til vinnu og eiga að geta gert það án þess að nýta þá upphæð sem hugsað er að fari í eitt og annað aukreitis í starfinu. Hafa skal í huga að margir koma langt að og eiga þess ekki kost að nota almenningssamgöngur eða hjól enda á þetta að vera val hvers og eins. Ef hugsað er um hvernig þetta skuli fjármagnað legg ég til að sá siður leggist af að borgarstjóri hafi bílstjóra. Ég óskaði fyrir nokkrum dögum eftir upplýsingum um kostnað er varðar að halda úti bílstjóra fyrir borgarstjóra með öllu því sem því fylgir en hef ekki fengið það sent enn."

Skrifstofa borgarstjórnar óskaði eftir upplýsingum frá Bílastæðasjóði við vinnslu þessarar umsagnar en þær bárust 29. ágúst sl.

Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að borgarfulltrúar fá greidda fasta fjárhæð á mánuði, sem í dag er kr. 52.486,- að frádreginni staðgreiðslu, til að mæta öllum persónulegum starfskostnaði, s.s. vegna áskriftar dagblaða, bóka- og tímaritakaupa, kaupa á efni úr fjölmíðlum, ferða innan höfuðborgarsvæðisins, veitinga, námskeiða- og ráðstefnuhalda o.þ.h. Hver og einn borgarfulltrúi getur því ráðstafað þessari fjárhæð að vild vegna persónulegs starfskostnaðar s.s. vegna samgangna til og frá vinnu s.s. til kaupa á bílastæðakorti. Hluti borgarfulltrúa var áður með niðurgreidd bílastæðakort í kjallara Ráðhúss Reykjavíkur en í aprílmánuði 2016 hætti skrifstofa borgarstjórnar niðurgreiðslu kortanna sem hluta af hagræðingaraðgerðum borgarstjórnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Bílastæðasjóði kostar bílastæðakort í Ráðhúsið 13.500 kr. á mánuði. Kostnaður vegna bílastæðakorta fyrir 23 borgarfulltrúa yrði því að lágmarki 2.955.960,00 kr. á ársgrundvelli miðað við ódýrasta kost og með afslætti. Einnig er bent á að það er viðvarandi biðlisti eftir kortum í bílastæðakjallara Ráðhússins og í dag eru um 50 manns á biðlista. Kostnaður við bílastæði á Höfðatorgi er enn meiri en þar kostar dagurinn 1.360.- kr. og engin kort seld. Kostnaður vegna 23 borgarfulltrúa gæti því verið töluverður á ársgrundvelli sjá meðfylgjandi töflu:

			Dagur (8 tímar)	Mánuður (21 dagur)		
Mánðarkort Ráðhús	13,500			10,710	með afslætti til langtíma viðsk	
Tímagjald Ráðhús	200	fyrsta klst.				
	120	klst eftir það	1,040	21,840		
Tímagjald Höfðatorgi	300		2,400	50,400		

Ef forsætisnefnd ákveður að taka undir tillöguna að einhverju eða öllu leyti þarf að vísa henni til frekari vinnslu við gerð fjárhagsáætlunar svo unnt verði að gera ráð fyrir auknum fjárheimildum til skrifstofu borgarstjórnar vegna þessa kostnaðar. Í ljósi þess að forsætisnefnd hefur ekki heimildir til að fjalla um starfskjör starfsfólks Ráðhússins er ekki fjallað um þann hluta tillögunnar í umsögn þessari.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar